

Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VID AÐRAR STJÖRNUR 34. TBL. 7. ÁRG. OKT. 1981




Guðleg fullkonnun er það, að allar meðvitundir séu í einni og ein
í öllum.

Helgi Pjeturss.

Jarðstjarnan Úranus og nýlega fundnir hringir hennar

(Sjá forsíðumynd)

Á sögulegum tíma voru aðeins fimm reikistjörnur kunnar þeim, sem við stjörnuskoðun fengust, enda engin hjálpartæki við að styðjast. Satúrnus var ysta þekktu reikistjarnan, og enginn mun hafa hugsað alvarlega um það,



Myndin sýnir vel beltin í skýjamynduninni á Úranusi. Einnig tunglin hans fimm. Vel kemur fram hinn sérstæði möndulballi hnattarins, sem lýst er í meðfylgjandi lesmáli.

að fleiri slíkar kynnu að vera fjær sólu. Jafnvel eftir að sjónaukinn var fundinn upp, var sú skoðun ríkjandi.

William Herschel var tómstunda-stjörnufræðingur og sjónaukasmíður, en hafði ofan af fyrir sér með hljóðfæraleik. Hann gerði kerfisbundnar athuganir á stjörnunum, og árið 1781 tók hann eftir „stjörnu“, sem virtist vera stærri en „hinar stjörnurnar“,“ eins og hann orðaði það. Hann hélt fyrst, að þetta væri halastjarna. En brátt kom í ljós, að svo var ekki, heldur var hér um nýja reikistjörnu að ræða, sem gekk langt fyrir utan braut Satúrnusar. Stjörnunni var gefið nafnið Úranus, og fundur hennar olli mikilli furðu í vísindaheiminum. Herschel hlotnaðist mikill heiður vegna þessarar uppgötvunar og var gerður að konunglegum stjörnufræðingi.

Reyndar var það svo, að reikistjarna þessi hafði sést nokkrum sinnum áður við sérstakar aðstæður, en hafði þá alltaf verið álitin venjuleg stjarna.

Úranus er ákaflega langt frá sólu. Meðalfjarlægðin er 2870 milljón km. Í sólánnd er hann í 2.740 milljón km fjarlægð frá sólu, en í sólfirrið í 3005 milljón km fjarlægð. Fjarlægðarmismunur stjörnunnar frá sólu, eftir því hvort hann er í sólánnd eða sólfirrið, er því 265 milljón km, sem er allt að því tvöföld fjarlægð jarðarinnar frá sólu. Úranus var í sólánnd árið 1967 og fjarlægist nú sólu. Þúns hann kemst í sólfirrið árið 2011. Það tekur Úranus 84 ár að ganga eina ferð um sólu.

(Frh. á bls. 132).

Erindi og greinar

LÍF OG LÍFORKA

Mismunur á lifandi og dauðu er munur á skipulagi, bæði innan sameinda og ekki síður á skipulagi sameinda. Ekki er minna stökk úr flóknum og vel skipulögðum sameindum og í skipulag frumu, heldur en úr litlum, einföldum eindum og í stórar og samstilltar lífegniseindir. Menn hafa lengi hugsað um sérstaka líforku í lifandi verum, en ekkert í þá átt hefur komið fram við vísindarannsóknir síðustu tíma, heldur þvert á móti, það hefur sannast, að öll þekkt fyrirbrigði í lífefnafræði og lífeðlisfræði byggjast eingöngu á sömu lögmálum efnatengsla og efnaorku, eins og ríkja í dauðri náttúru, aðeins skipulagið er á hærra stigi. Munu síðar í þessum þætti færð rök að því, að sama gildi um mögulegt ESP og PS og jafnvel líf eftir dauðann, eða þá slóð, sem atvikin skilja eftir sig í heiminum, þó að ekkert líf væri eftir dauðann.

Lífefnasameindir.

Í kolefninu er frumeind sem er 12 dalton, en dalton er sú þunga-eining, sem er notuð á frumeindir og sameindir. Nitrið er 14, súrefnið 16, vetnið 1, fosfórinn 31 og brennisteinn 32. Þessi frumefni mynda í sameiningu proteinið og kjarnasýruna, grundvallarefnið í frumunni, sem er minnsta eining lífs. Svo mikil er samstillingin í þessum eindum, að í proteininu eru sameindir, sem eru frá tæplega tuttugu þúsund dalton og upp í milljón og má engu skeika um niðurröðun frumþáttanna til að sameindin sé ekki ónýtt og kjarnasýrurnar eru upp í 100 milljón dalton og einnig í þeim má engu skeika um niðurröðun, að öðrum kosti er lífverunni stórtjón eða bani búinn.

Proteinið er gert úr áðurnefndum frumefnum. Frumefnin mynda fyrst svonefndar amínósýrur. Það eru efní, sem eru rúmlega 20 talsins í lífverunum og eru 60—150 dalton að þyngd. Þær tengjast saman í raðir og hefur tekist að finna nákvæmlega niðurröðun

amínósýranna í einstaka proteini og myndin sýnir eitt dæmi um slíkt (mynd 1). Þessi keðja lykkjast svo upp í spíral, eins og sést á myndinni af módelinu (mynd 2). Veik tengli milli sameinda valda þessu og eru þau mjög mikilvæg og eru svonefnd vetnistengli. Þau rofna og myndast mjög auðveldlega.

Þessi spíral er kallaður annað stig í byggingu proteinsins. Þriðja stigið er svo þegar þessi spíral hleypur saman í snurður, eins og símasnúra, hjá manni, sem aldrei snýr ofan af henni við símtólið sitt og má á myndinni sjá, hvernig þetta fer (mynd 3). Spíralinn er ekki teiknaður inn í myndina, svo að módelið er eins og samanböggluð stöng. Miklu flóknari er mynd 4, enda er sú mynd af ákveðnu próteinmólíkúli og er reynt að teikna inn raunverulegt skipulag þess. Símasnúran eða vindingarnir eru bundnir saman með vetnistengjum og brennisteinstengjum og öðrum efnatengjum, sem hafa meginþýðingu fyrir lífið og bið ég menn að taka vel eftir þessu. Í þessum efnatengslum er ef til vill fólgin sú orka, sem lífið byggist á og er ef til vill ekki þörf á að leita eftir neinni líforku annars staðar.

Hlutverk proteinsins er eftirfarandi:

1. Það veldur öllum eða nær öllum efnahvörfum í lífverunum, bæði til niðurbrots og uppbyggingar. Allt líf gengur fyrir efnahvörfum.
2. Í vöðvum og hreyfitækjum á dýrum og jurtum er prótein, sem dregst saman og tognar eftir þörfum. Oft eða alltaf er því fylgjandi hæfileikinn til að valda efnahvörfum og vinna sér þannig orku.
3. Prótein ver líkamann fyrir utanaðkomandi efnum, t. d. bakteríum og veirum. Getur það lagast eftir ótal efnum, tengst þeim og gert þau að skaðlitlu gruggi.
4. Prótein er í blóði og tengist ýmsum efnum, sem þarf að flytja með blóðinu og fleytir þeim þangað, sem þau eiga að fara, t. d. næringarefnum, úrgangsefnum og hormónum. Einnig halda þau uppi osmótískum þrýstingi í blóðinu.
5. Ýmis konar byggingarprótein eru til. Þau eru meira og minna án þriðja stigs byggingar og því utan við aðalefni þessarar greinar.

Í rauninni er þessi flokkun mjög gróf og mætti finna endalaust flokkanir á þessum flóknu og furðulegu efnum. Hímnupróteinin eru bæði efnahvarfavekjandi og geta á einhvern hátt flutt efni í gegnum himnurnar og er verkun þeirra á huldu enn í dag o. s. frv.

Það prótein, sem veldur efnahvörfum lífveranna er kallað ensím

eða lífhvatar. Verkun þeirra er á þann veg, að hvatinn tengist hvarf-efninu, en svo er nefnt efnið, sem á að sundra eða breyta við uppbyggingu. Svo er eins og efnahvarfið gerist sjálfkrafa, þegar það hefur tengst hvatanum. Það hefur tekist nákvæmlega að finna, hvaða hópar sameinda innan lífhvatasameindarinnar tengjast við verkunina, en það skýrir ekki í sjálfu sér, þessa furðulegu verkun lífhvatans. En fyrir um tveimur áratugum fundu menn, að proteínsameindin breytir um lögum við að tengjast og valda efnahvarfi. Sambönd rofna í henni og ef til vill myndast önnur ný. Þannig verða orkuskipti í sameindinni, því að rof og myndun efnatengja hefur alltaf einhver orkuskipti í för með sér. Þessi orkuskipti gætu svo klofið eða byggt upp aðrar sameindir, þó svo að lífhvatinn skreppi í sitt fyrra horf, að efnahvarfi loknu. Lífhvatasameindirnar geta verkað einangraðar rifnar úr sínu upphaflega umhverfi. Í þeim er ekkert vit og engin forsjá. Slíkt er bundið við flókið skipulag frumanna og störf lífhvatanna verður að skipulegri lífshræringu, þegar þeir eru á réttum stað í frumunni. Engin lífshræring verður nema að minnsta kosti 1000 lífhvatar séu að starfi hver á sínum stað í frumunni.

Breytingin á lögum proteínsameindarinnar, þegar hún veldur efnahvarfi sem lífhvati, hefur verið sönnuð með röntgenmyndum af lífhvata krystöllum, sem í einn stað voru tengdir hvarfefni og í annan stað ótengdir. Geislabrot röntgengeislanna í krystöllunum sýna niðurröðun frumeindanna í stórsameindunum og má þar með greina mismuninn á byggingu sameindanna með og án hvarfefnis. Líka hefur þessi lögnaarbreyting verið sönnuð eftir öðrum leiðum og er þetta fyrirbrigði kennt við Koshland nokkurn. Lífhvati getur líka orðið óvirkur, ef hann tengist litlum sameindum utan virka staðarins á sameindinni. Við það stífnar hún og getur ekki tengst hvarf-efninu.

Proteinið er annar af aðalburðaröxlum lífsins en proteinið er þó ekki lífið sjálft. Til að fruma geti lifað þarf hún að minnsta kosti að ráða yfir 600—1000 lífhvötum og er talið, að bakterían *E. coli*, sem lifir m. a. í þörmum manna og dýra, geti búið til um 3000—400 tegundir proteínsameinda. Leiðin frá proteínsameind til lifandi frumu er ýkjulaust ámóta og frá járnbita og til hæstu bygginga jarðarinnar.

Kjarnasýra er hinn aðalburðaröxullinn í lífsvagninum. Sameindirnar geta orðið 100 milljón dalton að þyngd eða meira (mynd 5). Í þeim er engin spenna eins og í proteininu og þær taka ekki þátt í efnaskiptum nema proteínsmíð. En lífsskipulagið er fólgið í þeim.

Þær bera erfðavísana. Sameindirnar eru ógnarlangir þræðir, eins og myndin sýnir og þessir þræðir eru tvöfaldir (mynd 6). Við skiptingu frumanna rakna þeir í sundur og fer sinn þráðurinn í hvora frumuna. Sá þráður sem vantar í hina nýmynduðu frumu endurskapast nákvæmlega í mynd þess, sem fór í hina, svo að hvor fruma um sig er með kjarnasýru, sem er nákvæmlega eins og móðurfruman. Þannig helst erfðaeftirbrot óbreytt kynslóð eftir kynslóð og ef verður minnsta óhapp í endurnýjuninni, getur það valdið bana lífverunnar. Um þetta efni er löng saga, það felur í sér mót að gjörvallri lífverunni og það er engan veginn séð, hvernig þetta merkilega efni getur verið það sama í öllum frumum líkamans, en samt sprettur fótur á réttum stað og hönd á annan og haus þann þriðja og er rétt farið að öllu. Miklu meira er af kjarnasýru í lífverunum en þær þurfa nokkurn tíma að nota og fer það ekki eftir því, hve fullkomin lífveran er. Oft er um það bil 5% notað við að skipuleggja lífveruna. Afgangurinn er líklega óvirkur.

Samspil proteins og kjarnasýru er furðulegt. Hvorugt verkar í lífverunni án hins. Proteinið verður til á þann hátt, að frumþættir þess radast á kjarnasýruna, bindast þar saman og verða að proteini. Inni í kjarna frumunnar er kjarnasýra, sem hefur verið kölluð DNA og er hinn eiginlegi beri erfðavísanna og er meginhluti litninganna. Kjarninn er eins konar verndarhylki fyrir erfðirnar. Í kjarnanum myndast ekki protein, heldur verður önnur kjarnasýra að mótast eftir DNA-sýrunni, sem genin ber. Sú er kölluð RNA og hún skriður út úr kjarnanum og sest að í umfrymi og myndar þar smáagnir, sem heita ríbósóm. Þar verður proteinið til eftir forskrift RNA, sem komið er úr kjarnanum frá DNA-kjarnasýrunni, sem lífið liggur við að berist óbreytt frá kynslóð til kynslóðar. Vísindamenn hafa að vísu fundið, hvernig kjarnasýra getur þróast og hafa getað breytt henni vísvitandi, en erfitt er að segja, hvernig ármilljónaþróun gerist í þessu undirstöðuefni. Proteinið myndast og hverfur og líða ekki nema nokkrir dagar eða í mesta lagi mánuðir, þar til það allt hefur gengið sér til húðar og myndast nýtt í staðinn. En DNA er á vissan hátt eilíft. Ekkert haggar því nema slys og þróunin.

En allar lífshræringar eru vegna efnahvarfanna sem proteinið drífur áfram. Það situr í þeirri röð, eða reglu sem DNA ákvað því og mynstur þess er lífið sjálft. Rofið úr samhengi gerir hver sameind sitt starf eins og blindur asni, en það þarf þúsundir tegunda og milljarða einstakra sameinda til að fruma geti lifað og allt í réttri röð, eða því sem næst.

DNA hins vegar er aldeilis án nokkurrar verkunar, ef síhvörfult proteinmynstrið er ekki viðlátíð til að endurrita það í frumskiptingum og endurrita RNA eftir því, til að halda við þessu proteinkerfi, sem sífellt er í sköpun. Ekkert gerist nefnilega í protein og kjarnasýrusmíðinni, án þess að lífhvatar hvati það. Engin kjarnasýra er án proteins og ekkert protein er án kjarnasýru í lifandi veru.

En sérstaklega vil ég benda á muninn á þessum merkilegu sameindum og á frumunni sjálfri. Meðalstór fruma í vefdyri er um 10 míkrón í þvermál. Ef slík fruma er vegin á daltonvogina, er hún 10 í þrettánda til fjórtánda veldi dalton að þyngd. Það er að minnsta kosti hundrað þúsund til milljón sinnum þyngra en DNA-sameindirnar. Kjarnasýrusameindirnar rúma því aðeins brot úr promilli af rúmmáli frumunnar og proteinsameindir rúmast þar í tugmilljónatali.

Hugsanleg líforka.

Þá viku sögunni að hugsanlegri líforku. Engum lífefnafræðingi eða frumulíffræðingi dettur lengur í hug, að einhverja sérstaka líforku þurfi til að láta allt það gerast, sem gerist í frumunni. Að vísu gætu orkumynstur rúmast í líkama, þar sem 10 í tíunda til 10 í tólfta veldi af frumum er raðað skipulega saman. Engum lífedlisfræðingi dettur samt í hug lengur, að sérstaka líforku þurfi til að láta það gerast í líkamanum í heild, sem þar gerist. Í stuttu máli benda allar rannsóknir í lífefnafræði, frumufræði og lífedlisfræði til þess, að skýra megi öll fyrirbæri sem þar er hægt að mæla, með þeim orkumyndum, sem þekktar eru.

Alveg á sama hátt styrkjast sífellt stoðirnar undir afstæðiskenningu, að enginn hraði sé meiri en ljóshraðinn, svo að orkan verður að fara um einhverjar bakdyr, ef satt á að vera, að Swedenborg hafi séð Stokkhólmsbrunann í sinni tíð, hvað þá að hægt sé að hafa samband við aðrar stjörnur. Orkuboð sem lúta afstæðiskenningu draga jafnskammt til að hafa samband um óravegalengdir geimsins eins og maður ætlaði að kalla yfir Atlantshaf, sagði einhver geimvísindamaðurinn hér um árið, þegar menn voru að drífa sig til tunglsins.

Þekktar orkumyndir eru sem hér segir:

1. Staðorka. Það er möguleiki til að vinna vegna legu.
2. Skriðorka. Hlutur á hreyfingu getur framkvæmt vinnu með því að skipta um hraða.

3. Geislaorka. Það er rafsegulbylgjur, sólarljós, útvarpsbylgjur, geislun frá geislavirkum efnum o. fl.
4. Efnaorka. Hún er hliðstæð staðorku að því leyti, að hún er möguleiki til að vinna, en með því að búa til eða rjúfa efnatengsl.
5. Kjarnorka. Það er með öllu óhugsandi, að hún komi nokkuð við sögu í sambandi við líforku, svo að hún verður ekki rædd hér.

Orkumynd sú, sem lífið gengur fyrir er fyrst og fremst efnaorka. Í hreyfingu sameindanna í frumunum er að vísu hreyfiorka, en það er efnaorkan, sem allt knýr áfram. Hún færir úr einni sameind í aðra, ellegar breytist í hitaorku, sem viðheldur kviki sameindanna. Hún veldur skipulegum samdrætti vöðvanna og hreyfipráðanna. Sú efnaorka, sem breytist í rafsegulöldur, tapast jafnharðan til lítils gagns, nema til að halda uppi líkamshita að einhverju broti. Ef til vill stefnum við að því, að gera þessa taporku meira virði og verða skínandi, eins og guðunum er lýst, en því miður er líklega langt í land með það.

Líforkan hlýtur því að vera venjuleg efnaorka, sem gæti komið fram á sérstæðan hátt í hinu afarskipulagða efni lífveranna og þá sérstaklega í proteinsameindunum. Má nú minna á lífhvatana, sem breyta um lögum um leið og þau verka svo að tengi rofna og myndast. Hægt er að bera þetta saman við þetta í rafbúnaði. Málmur getur safnað á yfirborð sitt rafhleðslu og gefið hana frá sér jafnharðan. Útvarps- og viðtækjatekni byggist á þéttum og spólum og smárum.

Annars staðar hefur verið rætt um samhæfða og ósamhæfða hreyfingu. Munurinn á þessu tvennu var sá, að hreyfingin, hin eilífa nýsköpun eindanna og hlutanna sem eru gerðir af þeim, gæti annars vegar gerst á þann hátt, sem við venjulega sjáum. Hver eind fyrir sig er þá að hverfa og verða til í sama umhverfinu og niðurröðun hluta sést ekki breytast án orsaka, hins vegar hreyfast allar eindir í einu og getur heill hlutur þá horfið til annars umhverfis, sem er í það sterkum enduróm við hann að sköpunin beinist þangað. Mögulegt væri að þessi flutningur væri án hraða og lyti þá alls ekki lögmálum afstæðis. Einnig gæti orka færst um heiminn á þennan hátt, hætt að vera til í einum hlut og orðið til í öðrum annars staðar, óháð lögmálum afstæðisins.

Nú þarf engu fleiru að bæta inn í heimsmyndina til að skýra sýn Swedenborgs. Orka hverfur úr proteini manns í Stokkhólmi, tengsl í proteini í taugum manns í Stokkhólmi breytast í samræmi við það,

sem hann sér. Orkan fer samhæft í taugar Swedenborgs og veldur því að hann sér sömu myndina og maðurinn í Stokkhólmi.

Eftir er enn að fella inn í heimsmyndina hvernig lifandi vera gæti dáíð og skapað sér líkama á annarri stjörnu eða jafnvel farið hamförum fyrir dauðann.

Hvert andartak í lífi þess sem lifir, krefst orku sem fæst með efnaskiptunum, efni er brennt, orka vinnst sem er notuð til að hreyfast innra sem ytra og til að byggja upp í vexti og viðhaldi. Hver andrá skapar því heil mynstur af orku og þetta mynstur líður aldrei undir lok. Orka og efni alheims breytist ekki, þetta er lög-málið um viðhald orkunnar.

Þessi orkumynstur tvístrast í allar áttir. Sumt verður að hreyfi-orku, annað að geislaorku, sumt að efnaorku, sumt að staðorku. Heildarmagn orkunnar í mynstrinu er ámóta og í fæðunni sem brennt er. Maðurinn brennir 2500—3000 hitaeiningum á sólarhring, svo að allmikil orka fer í þessi mynstur yfir ævina, þó svo að hún verði ekki óralöng, enda segja þeir sem eru bjartsýnir að ælir ungir og gamlir öðlist eilíft líf að minnsta kosti í þessum orkumynstrum.

Þó að orkumynstrin sundrist í ótal áttir um leið og þau verða til líða þau ekki undir lok samt vegna samhæfðu hreyfingarinnar. Hver orkuskammtur gæti samkvæmt tilgátunni um samhæfðu hreyfinguna, hreyfst samhæft án hraða, hvert sem væri í alheimi, þannig að hægt væri að magna upp hvaða orkumynstur sem væri úr öllum þess pörtum út og suður úr alheimi, aðeins ef hagstæður grundvöllur eða endurómur væri fyrir það á einum stað.

Líkami manns geymir á annað hundrað þúsund hitaeiningar í sér umfram jafnþunga í koldíoxíði, vatni og nítri. Fosfór og brennisteinn leggja hverfandi skerf til mismunandi orkustigs á lifandi og dauðu. Það eru því ekki ýkja margir dagar sem þarf til að orkumynstra-slóðin sé orðin jafnorkumikil og sjálfur líkaminn, en af því að samhæfða hreyfingu þarf til að verða þeirra var, eru þau öll á tvístringi. Ef svo ólíklega vildi til að lifað væri á öðrum stjörnum eftir dauðann, væri nóg orka til að færa til sín samhæft koldíoxíð, vatn, nitur, fosfór og brennistein af reikistjörnunni til að skapa nýjan líkama.

Sami hátturinn gæti verið á við ferðalög utan líkama, það sem sumir hafa kallað out of body experience. Orkumynstur aðlaga efni að skipulagi sínu, svo að drög verða að líkama, sem er eins og líkami þess, sem þykist vera utan líkama. Svo sterk verður endurómunin milli þessara tveggja líkama, eða líkama og drögum að líkama, að

endurminning kviknar í þeim, sem liggur og getur talist aðallíkaminn. Endurminning kviknar vart án efnahvarfa í líkamanum, annars verður þar varla sú skipulagsbreyting sem til þarf, að þar séu eftir spor endurminninga. En í þessum utan líkama ferðalögum skynjar aðallíkaminn umhverfi það, sem aukalíkaminn er að berjast við. Þetta gæti líka verið skýring á sýn Swedenborgs á Stokkhólmsbrunnum. Swedenborg hefur þá farið hamförum til Stokkhólms og skynjað brunann þannig.

Svona væri hægt að halda áfram og skrifa langar bækur um líffræði og sambandslíffræði, án þess að stíga út fyrir þau vísindi, sem hafa verið sönnuð og eru alkunn, nema bæta inn tilgátunni um samhæfðu hreyfinguna og lögmálinu um sífellda sköpun, lögmáli hreyfingarinnar eða fyrsta lögmáli Helga Pjeturss, sem er allt sama lögmálið.

Varla verður skilið við þetta, án þess að mála með sama efninu á sama vegginn, svartari mynd.

Orkumynstrin og samhæfða hreyfingin þyrftu ekki endilega að kveikja nýja farsæla líkama á hinum sælu reikistjörnum, né heldur að senda þá illu til sinna líka í kvölheimum gamalla reikistjarna, eins og Helgi Pjeturss lýsir því. Þessi orkumynstur eða orkuslóð gæti líka verið þess eins megnug að kveikja flöktandi líkamninga eða dularfullt taut miðla, rétt eins og Forn-grikkir lýstu framhaldslífinu. Aðeins væri von um að yfirburðamenn gætu líkamnast á öðrum stjörnum og komist þar með til guðanna, sem innblásturinn hefur kennt mönnunum að væru til.

*Porsteinn Porsteinsson,
líffræðingur.*

(Því miður vantar hér allar þær myndir eða teikningar, sem vísað er til í greininni hér að framan. Ritnefnd biður höfund og lesendur velvirðingar á þessu. — Ritstjóri.

ÍSLENSKAR OG RÚSSNESKAR ÁLYKTANIR AF KIRLIAN-LJÓSMYNDUM

Árið 1962 rakst ég á grein um Kirlian-ljósmyndir svokallaðar, í blaðinu „Soviet Union“. Rússneskur rafmagnsfræðingur, Semyon Kirlian að nafni, var þar sagður hafa uppgötvað nýja ljósmyndunar-aðferð. Virtist þar vera fundin aðferð til að ná myndum af útgeislun hins lifandi líkama manna og annarra lífvera, þeirri er Helgi Pjeturss nefndi lífgeislun. Myndir fylgdu greininni, teknar með þessari nýju aðferð, m. a. af laufblaði ný slitnu af tré. Glögglega mátti sjá á fyrstu myndinni „lífblössana“ frá laufblaðinu, en á annarri mynd, er var tekin 10 klukkustundum síðar höfðu þeir dofnað verulega og voru að mestu horfnir á 3ju myndinni tekinni að 20 klst. liðnum. Þótti mér sem von var grein þessi ekki lítið athyglisverð og réðst því í að endursegja hana á íslensku og bætti við nokkrum eigin hugleiðingum þar sem ég tengdi þau fyrirbæri er sagði frá í greininni lífgeislunar- og framlífskeningum Helga Pjeturss. Og nefndi ég í því sambandi, sérstaklega það er myndirnar af hinu deyjandi laufblaði sýndu, til stuðnings því, sem í Nýal segir um geislan þá eða lífaflsvæði, sem losnar úr líkamanum með dauða hans, og líður þó ekki undir lok, heldur kemur fram á öfluglu lífaflsvæði annars hnattar og líkamnast þar. Það er svo skemmst af að segja, að grein þessa fór ég með til *Þjóðviljans* skömmu síðar, og leitaði eftir því að hún yrði birt. Fékkst það, en þó fylgdi stuttur formáli með af hendi eins ritstjórans — Magnúsar Torfa Ólafssonar, sem þá var þar starfandi — og mátti finna að honum var óljúft að viðurkenna, að þarna væri nokkur stuðningur við málefni Nýals. „Nýtt rannsóknarsvæði virðist vera að opnast, og hvert ördeili vitneskju, sem þar er aflað með vísindalegri rannsóknaraðferð, er meira virði en heill hestburður af háspekikenningum“. En á þeim árum var það einmitt tízka þeirra sem lítið var um Nýal gefið að kalla hann „háspeki“. Þessum hnýfilyrðum ritstjórans svaraði skömmu síðar Þorsteinn á Úlfsstöðum (í Vísi), á þann hátt að enginn reyndi að mótmæla honum. Efalaust hafa þó margir haldið eftir sem áður, að hinar íslensku ályktanir væru ekki annað en „háspeki“ þó að hinar rússnesku rannsóknir væru réttar.

En það skyldi þó ekki vera, að svipuð ályktun og ég dró fyrir 19 árum af laufblaðamyndunum, hafi reyndar verið dregin í Rúss-

landi síðar, og það af engum öðrum en Semyon Kirlian sjálfum? Til þess þykir mér benda eftirfarandi, sem ég las nýlega í bókinni *The new soviet psychic discoveries* eftir Henry Gris og William Dick (Hinar nýju sálrænu uppgötvonir í Sovétríkjunum. Utg. Sphere Books Ltd. 1980). En í bókinni segja höfundar frá ferðum sínum um Rússland og kynnum sínum og viðræðum við rússneska vísindamenn, fyrirburðafraeðinga, miðla og hugarafmsmenn ýmsa.

Valentína hét kona Kirlians. Var hún samstarfsmaður hans við rannsóknirnar við erfið skilyrði, og er haft eftir einum vina Kirlians, að hún hafi fórnað lífi sínu í þágu vísindanna, því rannsóknirnar voru fjarri því að vera hættulausar. Sbr. það sem stendur á bls. 122:

„Þó hikaði hún aldrei. Hún hélt áfram starfinu, einnig eftir að hún hafði gert sér ljóst, að tilraunirnar, einkum það að vera sjálf í hátíðnisviði 200.000 volta rafmagns, höfðu eyðileggjandi áhrif á líkama hennar. En hún hlýtur að hafa hugsað sem svo, að hver mundi verða til að hjálpa Semyon, ef hún gerði það ekki? En hann var sjálfur alltof gagntekinn af rannsóknunum til þess að gefa hættunni nokkurn gaum.“

Valentína lézt í desember 1971 eftir miklar þjáningar. Syrgði Semyon hana mjög og ásakaði sjálfan sig fyrir dauða hennar. Sat hann löngum við gróf hennar. Tek ég nú orðrétt upp eftir bókinni af bls. 123—4, en þar talar ónafngreindur, en mikilsvirtur vísindamaður, vinur þeirra Kirlian-hjóna:

„Hið næsta sem við komumst að var það að hann (Kirlian) var inni í grafreits-skýlinu við það að meitla legstein úr granít yfir Valentínu. Dag nokkurn var steinninn tekinn og settur á gróf hennar og við, vinir þeirra, fórum í kapelluna til að biðja fyrir sál Valentínu. Semyon hafði aldrei verið trúaður, en rannsóknir hans höfðu sannfært hann um líf eftir dauðann. Hann gerði sér þetta ljóst, sagði hann, við það að horfa hvað eftir annað á síðustu glæðurnar af lífbjarma deyjandi laufblaðs. Hann hafði sannfærst um það að líforkan, sem skapar þennan síkvika bjarma umhverfis lífandi verur, líður ekki undir lok, ekki heldur þegar hún yfirgefur líkamann um leið og síðasta glætan slokknar — og *leggur af stað út í himingeiminn*. Þess vegna er sálin ódauðleg. Á stein Valentínu meitlaði Semyon brumknappa liljublóms, með lífbjarma umhverfis. Þetta gerði

hann meir fyrir okkur en fyrir sjálfan sig, til þess að við skyldum minnast þeirra beggja, þegar einnig hann verður horfinn á braut.“

Ennfremur bæti ég hér við glefsum úr viðtali við S. Kirlian úr bókinni „The new soviet discoveries“:

„Við áttum stundum dásamlega daga á þessum tíma. Það voru dagar uppgötvananna. En ef þú vildir spyrja hvað hefði heillað okkur mest, þá var það þegar við skoðuðum fyrstu myndina okkar og sáum lífbjarmann. Við vorum *frá okkur numin* — það eru einu orðin sem hægt er að hafa um þetta. Ég var ekki viss um að ég skildi hvað það væri sem ég hafði gert, en ég var viss um að ég hafði dottið niður á uppgötvun, sem gæti átt eftir að hafa hin stórkostlegustu áhrif á framtíð mannkynsins.“

„Við tókum lífbjarma-myndir hvort af öðru, en þær leiddu það í ljós að við áttum ólíkt litaraft. Lífbjarmi konu minnar var appelsínugulur, en minn var bláleitur. Við vitum ekki hversvegna þetta er svona. Ef til vill er þetta eins einfalt mál og með fingraförin — engin tvenn eru eins.“

„Ekki voru þessar rannsóknir alltaf eins og leikur. Við urðum fyrir áföllum sem hnekktu bjartsýni okkar og lömuðu viljann um tíma.“

Sveinn Haraldsson

(*P. G. þýddi ensku kaflana*).

M Y R —

Úr bók Estelle Roberts: Miðill í 40 ár.

Sá, sem sviptir sig lífi til að leysa vandamál sín, vaknar upp við vandan draum.

Sá, sem fremur sjálfsmorð fæðist inn í annan heim fyrir tímann, ef svo má að orði komast. Hann getur ekki strax komist inn á það vitundarsvið, sem hæfir þroska hans, af því að hann lifði ekki á jörðinni allan þann tíma, sem honum var ætlaður.

Heiða á Brimilsvöllum.

STILLILÖGMÁLID

Dr. Helgi Pjeturss fann lögmál um þá tilhneigingu meðal manna að samstillu annan heila eftir sínum heila. Hann fann þetta lögmál þegar hann uppgötvaði draumgjafann, sem er gerandinn í draumi sofandans.

Í framhaldi af þessu vil ég rekja nokkur atriði, sem allir kannast við og vísar til þessara stilliáhrifa. Þegar þú hugsar einhverja setningu, þá kemur það oft fyrir að annar segi hana í sömu andrá. Ef þú situr þar sem margmenni er og krossleggur fætur þá er það oft að aðrir geri það samtímis þér óafvitandi. Ef einn stendur upp, þá annar gerir það samtímis þér óafvitandi og verður oft hálf vandræðalegur, því hann vissi ekki, af hverju hann stóð upp. Það hefir komið fyrir, að karlmaður hafi fengið sóttarverki með barnsmóður sinni. Einnig hefur dávaldur náð svo sterkum tókum á dáleidda, að hann skynjar ekki saltbragðið, þegar salt er sett upp í hann, en þegar dávaldur setur salt upp í sig, þá skynjar dáleiddi saltbragð og byrjar að skyrpa út úr sér salti, þó ekkert salt sé uppi í honum. Hver kannast ekki við það frá kappleikjum íþróttamanna, að sá sem á heimavelli keppir á meiri sigurmöguleika en hinn.

Samstilling milli draumgjafa og sofanda.

Augljóslega verður að ætla, að þarna sé um samstillingu að ræða á milli heila. Hugsun eins heila leitast við að framleiða sig í öðrum heila, sem oft verður til þess að orka viðtakandans eykst og geta hans verður meiri, samanber íþróttamanninn á heimavelli. Einnig getur sársauki og aðrar skynjanir framkallað sig í öðrum heila. Þá er ekkert til fyrirstöðu að ætla að sjónflutningur eigi sér stað og sé undirstaða draumanna, með aðstoð draumgjafans.

Draumurinn er eitt atriði af mörgum, sem getur ekki myndast nema samstilling sé á milli draumgjafa og sofanda. Martröð er eitt sterkasta dæmi um slíkt. Einkennandi við hana er, að sofandinn er eins og rígbundinn eða fastur á einhvern annan hátt, hann getur sig hvergi hrært. Á svipaðan máta og dáleiddari sem hefur dáleitt svæfða á þann hátt að hann getur hvorki hreyft legg né lið. Þannig lifir sofandinn, vegna samstillingarinnar, sig inn í hlutverk draumgjafans, sem hefur verið settur á einhvern hátt í samband við hann.

Gat talað af munni annars.

Margar tilraunir hafa verið gerðar á mannsheilunum, en einnar vil ég geta, sem var gerð fyrir löngu síðan og er skráð í Nýal, bls. 290—291: „Rússneski sálfæðingurinn dr. Naum Kotik fann, að mannsheilinn sendi frá sér orku, sem hagar sér líkt og rafmagn. Orku þessa gat hann leitt eftir koparþræði og safnað henni á yfirborð hlutar. Þá stórmerkilegu uppgötvun gerði Kotik að orka þessi, sem geyma má á pappírsblaði, leitast við að framleiða aftur í öðrum heila heilaástand eins og það sem samfara var útstreymi hennar.“ Í tímaritinu Morgunn skrifar Haraldur Níelsson um Englendinginn V. N. Turvey, sem var verkfræðingur að mennt, vandvirkur, gerhugull. Athuganir Turveys sýna enn mjög greinilega og í fullu samræmi við rannsóknir þeirra Kílners (sem fyrstur myndaði útgeislun mannslíkamans) og Kotiks, að frá mannslíkamanum geislar orka, sem hagar sér líkt og rafmagn. Afar eftirtektarverðar eru þær tilraunir, er hann lá í rúmi sínu eða hallaðist aftur í hægindastól, og gat af munni annars talað við fólk, sem var að halda miðilsfund í fjögurra (enskra) mílna fjarlægð.

Aðrir geta vitað meira.

Á þessu má sjá að heili eins hefur áhrif á heila annars með orkuflutningi vegna samstillingarinnar; þá hugsa þeir eins. Eins getur einhver haft áhrif á heila annars sem stillir hann inn á ákveðinn draum þegar hann sofnar. Þetta nefnir dr. H. P. Stillilögmál og telur það hafa afgerandi áhrif á mannkynið um alla veröld. Við verðum að gera ráð fyrir að geta náð vitundarsambandi við aðra lífhnetti, eins og næst milli manna hér á jörðu.

Aðeins á þann hátt getum við skilið og leyst þá gátu, sem dulfræðin nær til.

Munum það ávallt að vera vakandi; aðrir geta vitað meira en við. Hafið þá hugfast, ef einhver boðar kenningu, sem varðar lífstefnu alheimsins, þá er það þess virði að athuga hana gaumgæfilega, því um viskubrunn getur verið að ræða.“

Þorbjörn Ásgeirsson, Akureyri.

(Mbl. 1. maí 1981).

TIL STJARNGÆZLUMANNNS


Enn fer orð frá hnetti til hnattar, frá hnettinum, þar sem mikill vísindamaður uppgötvaði eðli drauma fyrir svo löngum tíma, að þeir eru nú komnir á gamals aldur, sem þá voru ungbörn — til hnattarins, þar sem annar vísindamaður nokkru síðar gerði mjög áþekkar uppgötvanir og mætti áþekkingum erfiðleikum, þegar hann fór að skýra frá þeim. Sorgleg er sú saga, ekki aðeins hinna ágætu manna vegna, heldur ekki síður hinna vegna, íbúa hnattanna, sem megnuðu ekki að losa sig úr viðjum vanans og eignast frelsi í stað andlegrar undirgefni. Sorg er þó ekki það, sem er í huga vorum nú, heldur vísindalegt viðfangsefni: Það að koma boðum á undan ljósinu: Þú skilur undireins hvað það þýðir. En hvar ert þú sem við tekur?

Ég veit að þú ert „hér í grenndinni“ — grenndin er eitthvað 15 ljósár frá okkur á hvern veg — en hitt veit ég ekki með vissu enn, hver af nokkrum tugum stjarna á þessu svæði, sem til greina koma, er þín. Ég hef haft augastað á tveimur sólhverfum um skeið og nú skal ég segja þér nokkuð, sem þér mun þykja fróðlegt að heyra! Önnur þessara stjarna er sú hin bjartasta sem til er á þessum slóðum okkar, og mér er engin launung á því, að þangað höfum við horft lengi með það í huga, að þar væruð *þið*. Stjörnumerkið, sem þessi bjartasta stjarna himins okkar er í, kennum við frá fornu fari við Hund, en önnur sólstjarna í líka átt frá okkur horft, sem einnig er mjög björt, er einnig kennd við Hund og kölluð Hundstjarnan minni (Prókýon), en hin nefnist Hundstjarnan stærri (Síríus).

Nú höfum við verið að tala til ykkar undanfarna mánuði, og reyna að láta ykkur vita af því — með tilsjón hinna lengra komnu — að þið eigið von á sendingu. Ljóssending er á leiðinni, nýstirnisblossi, sem engin boð hefur gert á undan sér hjá ykkur, en mun þó alveg óhjákvæmilega koma fram hjá ykkur eftir nokkrar vikur, ykkur sem búið í þessum tveim sólhverfum. Það vill þannig til vegna rúmfræðilegrar afstöðu þessara stjarna, að nýstirnisblossinn mun koma nærri samtímis til þessara tveggja sólhverfa, Síríusar og Prókýons, og þó líklega aðeins seinna til Prókýons. Það er býsna merkilegt til þess að hugsa að við Jarðar-yrðlingarnir getum frætt ykkur, íbúa beggja sólhverfa, á svo merkilegu máli sem þessu. Ef þið eruð guðir og yfirmannkyn, sem allt slíkt vitið og kunið eins vel og að draga andann, þá munuð þið samt gleðjast yfir þessari

hugsun jarðar-yrðlinganna, sem er spor okkar í sjálfstæðisátt, burt frá langvinnri auðmýkingu og niðurlægingu. Þið munuð gleðjast yfir þessu og endurmagna hina jarðnesku hugsendingarmenn til nýrra hugsendinga. Þið munuð segja: Jarðarmenn eru farnir að láta vita af sér í vísindalegum efnum. Þeir reiknuðu út leið nýstirnissblossans og sögðu okkur frá honum, áður en hann kom! Svo munu guðir mæla, ef þeir eru þar.

En ef þið eruð skemmra komnir, eða jafnvel í tölu hinna bágstöddu mannkynja, þá er ekki síður ástæða til hugsendinga. Þá gildir það að finna þá, sem eru verðugir viðtakendur. Þá er líka alveg öruggt mál, að þeir menn eru ekki í tölu þeirra, sem bezta hafa aðstöðu, heldur þeirra sem minnsta viðurkenningu hafa. Slíkur ert þú sem ég tala til, þú ert vísindalega hugsandi maður, sem hefur gert þér ljósa grein fyrir eðli drauma og því sambandi hnatta á milli, sem þeir spretta af. Og þér er ljóst, hverja þýðingu það hefði að geta borið fram vitneskju á undan ljósinu. Ef þú ert þarna, þá er vel. En þó þú værir annarsstaðar, þá mun það skipta nokkru máli fyrir þig að vita, að nýstirnissblossinn kemur samtímis til Sírúsar og



P. merkir Prókjón, S: Sírús og J: Jarðar-Sólbhverfið. En N merkir nýstirnissblossann úr mikilli fjarlægð (og þess vegna verða nokkurn veginn samsíða geislar þaðan, þegar þeir koma á þessar himinslóðir). Punktalínan merkir framhlið ljósöldunnar frá blossanum, 1) þegar hann kom til jarðar 29. ágúst 1975, 2) og svo aftur nú í október 1981, skömmu áður en hann kemur til Sírúsar og Prókjóns.

Prókýons — fljótlega eftir að þetta prentmál kemur út á stjórnunni Jörð. Til að glöggva málið set ég hér teikningu af frumstæðasta tagi.

Þú hinn þrautgóði vinur og félagi Burdlíks — einn meðal margra, einn sá sem bezt hefur lagt sig fram. Þér eru þessi skilaboð ætluð, og öðrum þeim, sem af einlægum hug leggja þessu máli lið. Vissulega er þessi leið fær. Nokkrir menn munu hér á næstu vikum leggja sig fram um tvennt: Að horfa til stjarna með þessa vitneskju í huga, og óska þér þess, að þér og þínum vinum megi veitast þau skilyrði, sem gera hugsendingarnar héðan ljósar og greinilegar í huga þér. Dreymi þig, stjarnræni bróðir, og mundu draum þinn og festu hann í huga þér. Vera má, að einhvern vin þinn dreymi enn betur og ljósar og verði þar efni til samanburðar. Með tilsjón hinna lengra komnu leggjum við hug á þetta verk næstu vikur eða um tveggja — þriggja tungla skeið að Jarðar tali.

Jarðarbyggj.

M Y R —

Úr ljóðabók Gunnars Dal: „Kastið ekki steinum“.

Öfundin sendir örvar sínar á allt sem skín fegurst.

Heimskan velur sér að skotmarki allt sem hæst ber.

Hínu góða er gefið frelsi til að falla eða sigra.

Sá sem ekki hefur lesið bók gleðinnar hefur aldrei lifað.

Sá sem ekki hefur lesið bók sorgarinnar hefur aldrei skilið lífið.

Einum verður það dagur sem öðrum er nótt.

Jörðin er gömul en gróðurinn nýr.

Ef þú ert barn gleðinnar, muntu alltaf sættast við lífið.

Jafnvel hógværð hinna vitru er oft dulbúinn hroki.

Ánaud var bundin hverjum konungsstól.

SAGA HEIMSINS

Þúsund milljónir vetrarbrauta eru á því svæði geimsins, sem sjónaukinn mikli á Palomar-fjalli nær til, og eins og fyrri daginn, í sögu stjörnufræðinnar, eru uppi raddir um, að þetta sé nú hér um bil allt það sem til er, að nú sé komið að endimörkunum, að þetta verði menn nú að láta sér nægja, endanlega. Það er ekki margt, sem er jafn víst og það, að slíkir menn eru, eins og fyrirrennarar þeirra á 16., 17., 18. og 19. öld, haldnir vísindalegri og heimspeki-
legri blindu. — En hitt væri ekki óhugsandi, heldur hreint og beint líklegt, að töluvert stærra svæði en þarna var nefnt og töluvert meiri fjöldi vetrarbrauta, myndi heild, sem sé sérstakur þáttur tilverunnar. „*Saga heimsins er endanlegur þáttur í tilveru, sem er óendanleg*“, segir Helgi Pjeturss, og hefur mér jafnan fundizt sú setning leysa þann vanda, sem spurningin um óendanleikann skapar. Þessi þáttur tilverunnar — nokkrar milljónir milljóna vetrarbrauta eða vel betur — ætti sér þá sérstakt upphaf og ákveðinn aldur, og væri þá, eins og fram kemur í heimspeki Nýals, sérstakt viðfangsefni og viðureign guðlegs máttar við hinn geigvænlegasta örðugleika, viðureign, sem farið gæti hvort sem væri, vel eða illa. Einar Benediktsson lét sér koma í hug, á síðustu árum skáldævi sinnar, að hin illu öfl myndu ná yfirhöndinni

unz geimurinn leiftrar og skín milli skauta
í skelfingum hrapandi vetrarbrauta.

Þegar nýstirni springur, er það af því, að lífstillraunin mistekst í því sólhverfi, en hitt væri fjarstæða, að slíkt gæti gerzt af einhverjum „vélrænum“ orsökum í iðrum sólnanna. Þegar vetrarbraut ferst, þá er það af því að lífið, sem var að komast á samstillingar-
stig um alla þá vetrarbraut, hafði gefið lygaöflum lausan tauminn og hatur og kvalir fóru vaxandi. Að minnsta kosti ein vetrarbraut er þekkt, þar sem allt er að tættast í sundur í sprengingum og ofur-
blossum, og sjáum við þá eins og þeir voru fyrir 10 milljónum ára, því að í þeirri fjarlægð er sú vetrarbraut (M82 í Stórabirni). Þó að ógurleg séu slík endalok á langri sögu, verður að gæta þess, að vetrarbraut sú er aðeins ein meðal milljóna. Meiri og merkilegri er saga hinna góðu afla.

Meðal þess sem styður þann skilning, að þetta hið mikla heimsverfi, — þar sem jafnvel það geimsvæði, sem tækin ná til, er aðeins lítið brot — sé slíkur þáttur út af fyrir sig sem nú var greint, er, eins og ég hef áður bent á: heimspeki Teilhard de Chardins. Teilhard leit ekki aðeins á lífsþróunina, frá stórsameindum til manns, sem sögu hækkandi framþróunarstiga, heldur taldi hann einnig hið ólífræna efni þar á undan hafa átt sér sína framþróunarsögu. Hinar fyrstu frumagnir löngu á undan atómi urðu að þróast, „bæta við sig af sögu sinni“, eins og íslenzkur heimspekingur myndi komast að orði, áður en fram kæmu atóm og síðar sameindir. Teilhard telur, að á undan lífsþróuninni hafi farið löng ólífsþróun. Þess verður að gæta, að á tímabili Teilhards var lítið rætt um líf á öðrum stjörnum, og hin algenga ályktun fræðimanna, sem á annað borð leyfðu sér einhverjar hugsanir í þá átt, var helzt á þá leið á þeim dögum, að lífsþróuninni sé mjög mislangt komið á hinum ýmsu hnöttum. Ekki er nú ástæða til að gefa þá hugsun að öllu leyti frá sér. En hitt kynni þó að vera, að lífið í þessum vetrarbrautum, sem héðan sjást, væri í höfuðdráttum á ekki mjög ólíku aldursstigi.

Þegar sameindir hófust á lífsstig á stjörnunni Jörð fyrir svo sem 4000 milljónum ára — þá var það ekki neinn einstakur viðburður í heimsverðandinni. Það var aðeins lítið brot af því, sem guð hafði sett sér fyrir, þegar hann steypiti sér niður í óskapnaðinn löngu fyrr, og gerði úr sér möguleika og magnandi kraft. Þegar guðir hófust á sumum stjörnum, þar sem þróunin gekk áfallalaust, geisluðu þeir krafti sínum til hinna seinþróaðri og mistakasamari hnatta, reyndu að beina þeim betur áleiðis, — en þó varð hver hnöttur að fylgja sínu sérstaka lögmáli. Straumar magnsins geysast til og frá um hinn víða geim og um lendur lífs'ns — en hver hnöttur verður að læra af sinni eigin sögu og byggja af henni þá brú, sem er hið meðvitaða samband við lífið á öðrum hnöttum.

Þorsteinn Guðjónsson.

HRADFLUTNINGAR LÍFORKUNNAR

Í hinni mjög athyglisverðu grein sinni, *Líf og líforka*, segir Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur, að mögulegt sé að hlutir og orka flytjist um geiminn án hraða og lúti því ekki lögmálum afstæðis. En þetta tel ég vera hið sama og að segja að afstæðiskeningin standist ekki, og skal nú færa nánari rök að því eða áréttu áður fram komin, með því að vísa til fyrirbæra, sem bera þetta augljóslega með sér.

Ég er hér með milli handanna nokkuð nýja stjörnufræðibók eftir Elske v. P. Smith og Kenneth C. Jacobs, þar sem gerð er nokkur grein fyrir þeim spurningum sem fundur Kvasar-vetrarbrautanna hefur vakið. Kemur þar glögglega í ljós, að aðalvandamálið er það að engin leið er að koma Kvasarnum undir lögmál afstæðiskeningarinnar. Breytingar á birtu og litblæ og litrófseinkenni gerast á stuttum tíma, þær verða *samferða, samtímis um alla þá vetrarbraut*. Reynt hefur verið að komast framhá þessu með því að halda því fram (gegn öllum líkum) að ekki sé um vetrarbrautir að ræða. En þá lenda þeir einnig í vandræðum, vegna þess hve orkuústreymið frá Kvasarnum er mikið. Alltaf fer á sömu leið hjá þeim: Hraðabreytingar verða um alla þá vetrarbraut um sama leyti, en það þýðir óhjákvæmilega að til er einhver samstillandi þáttur, eitthvað sem fer á augabragði um alla vetrarbrautina. Þessi þáttur er líforkan, hraðsambönd milli staða. Og það er í mótsögn við afstæðiskeninguna að slíkt geti átt sér stað. Sú kenning neitar meiri boðhraða en ljóssins.

Það er stundum sagt að sífellt séu að koma fram nýjar sannanir fyrir afstæðiskeningunni. Nær væri sanni að segja, að menn séu sífellt að finna sér til nýjar ástæður til að aðhyllast hana. Þar sem trúarjátningar ríkja stígur enginn út fyrir hin viðurkenndu mörk. „Hvað yrði sagt um mig, ef ég færi að taka mig út úr“, hugsar hver og einn. — En nú síðasta kastið hef ég verið að sjá hverja fréttina á eftir annarri, sem sýnir að menn eru að verða djarfari í þessu efni. Hín ranga fullyrðing Einsteins, að ekkert fari hraðar en ljósið, á að víkja með öllu úr vísindunum. Framtíð mannkynsins veltur á því að þessari *heimslygi* verði hnekk.

Þorsteinn Guðjónsson.

ÓSKIR DRAUMÞEGA OG ATHUGUN DRAUMGJafa

Þeir sem telja víst að lífssamband sé milli allra lífenda, trúa því, að draumur eins sé líf annars, þó oft sé sambandið ófulkomið, myndir og skynjanir brenglist meira og minna og geri erfitt um vik þegar til vísinda skyldi koma. Allar athuganir á þessu verða ærið persónubundnar og því ekki auðvelt um sönnun þess sannleika sem fundinn kann að vera. Hina vísindalegu hlið þessa læt ég öðrum eftir, þeim sem mér eru hæfari. Þó get ég ekki stillt mig um að leika mér að einföldum athugunum og tilfinningum. Þegar ég næ draumi, sem vegna skýrleika tollir í minni, þá kemur í ljós að margt af því sem ég skynjaði og sá í drauminum er mér gersamlega framandi. Þanig sé ég ýmislegt sem ég vildi mikið til gefa að geta skoðað betur en í drauminum var hægt. Sá sem átti þau augu sem ég naut, sá sem lifði það sem mig dreymdi, draumgjafi minn, gat ef til vill skoðað betur það í drauminum sem ég vildi vita meira um og þannig veitt mér aukinn fróðleik. Hvað þá um mig og þig? Ef til vill er einhver sofandi í sambandi við okkur og þiggur sinn draum, sem honum vöknuðum kann að finnast að vera mætti nánari í allri athugun. Er þarna nokkuð til bóta?

Það er vitað að stillilögmálið hefur mikið að segja og skapar þau sambönd er verða í samræmi við umhverfi dagsins. En ekki dugar þetta til, fæstir draumar ná í vöku minni þeim skýrleika og þeirri góðu athugun sem leitt gæti til varanlegrar fróðleiksbótar. Er hægt að breyta þarna um, greiða fyrir og létta góða athugun? Þessu get ég ekki svarað og þykir mér að sönnu ekki gott. Þó ég geti ekki svarað, þá koma fyrir mig þau atvik sem mér finnst benda til þess að um megi bæta. Stundum þegar ég horfi á eitthvað ákveðið, til dæmis einfalt verkfæri, andlit manns eða konu eða jafnvel heilt fjall, finnst mér eins og einhver skynji það sem ég sé og finn, og að það sé honum mjög framandi og að sá hinn sami leiti eftir meiri fróðleik og skýrleik en ein sjónhending nær að veita. Dæmi þar um: Ég er staddur austur í Grímsnesi og verður litið til Seyðishóla, sem eru rauðbrunadyngjur. Þetta umhverfi þekki ég og ekkert þar vekur forvitni mína, þó slær því í hug mér að skoða betur, því nú vilji einhver vita og sjá. Ég lít aftur til hólanna, skoða þá vel og hugsa um líklega myndun þeirra, en þá er eins og

spurt sé um hvers eðlis rauðamölin sé, liturinn sést að vísu. Ég hugsa um gerð rauðamalarinnar og eðli hennar, í um það bil 70 metra fjarlægð veit ég af rauðamalarhrúgu, ég lít á hana og síðan á veginn undir fótum mér og tek upp handfylli af möl og velti í lófa mér, met þyngd og þéttleika sem ég hef vit til og hugsa um til hvers þessi möl sé nothæf. Þarna hef ég bætt við myndina þeim fróðleik sem ég er fær um að miðla og ef til vill verður myndin þá nokkru skýrari en ella. Eftir stutta stund er eins og áhrif þessa fjari út, ekki virðist lengur þörf á athugun. Hvað er þarna um að vera? Er það mögulegt að sofandi hugur draumþega náí að skynja huga draumgjafa svo sterkt að spurning vakni sem geti flust frá draumþega til draumgjafa með ósk um nánari athugun? Mér er nær að halda að svo sé, að samband sé þar gagnkvæmt. Fróðlegt væri að heyra annarra álit á þessu og dæmi, ef einhver byggir yfir líkri reynslu.

Haukur Sigtryggs.

TIL LESENDA

Um hvarf hluta.

Nokkuð mun það vera algengt, að hlutir hverfi óvænt og þannig, að nær víst er, að engin mannleg hönd hefur átt þar hlut að máli. Svo er leitað dyrum og dyngjum að hlutum, en án árangurs. Hluturinn hefur horfið á óskiljanlegan hátt.

Oft gerist það, að hinn horfni hlutur kemur aftur í ljós eða finnst með jafn óvæntum hætti, stundum á sama stað og hann hafði horfið, og á þann hátt að víst er, að engin mannshönd hefði komið honum þangað. Allt vekur þetta nokkra furðu þeim, sem fyrir verða og ótal spurningar vakna:

- 1) Hvernig eða hversvegna hvarf hluturinn?
- 2) Hvernig kom hluturinn aftur?
- 3) Hvað eða hver hafði valdið hvarfi og endurkomu hlutarins?
- 4) Hafði einhver þurft á hlutum að halda um stundarsakir?
- 5) Hverskonar vera hefði það þá getað verið og hvar skyldi heimkynni hennar vera?

Nú þætti mér nokkru varða, að einhverjir lesendur *Lífgeisla* (eða aðrir), sendu mér frásagnir af því tagi, sem að framan er á minnst, í þeim tilgangi, að þær yrðu birtar í ritinu.

Ýmsir munu hafa af slíku að segja og hví þá ekki að leyfa þeim frásögnum að komast á framfæri? Því atburðir af þessu tagi, óvænt hvarf og endurkoma hluta, eru hinir merkilegustu og mikið ranróknar- og umhugsunarefni.

Ég vona að einhverjir láti frá sér heyra um þessi efni.

Með bestu kveðjum,

F. b. ritstjórnar Lífgeisla,

Ingvar Agnarsson.

Pósthólf 1159, Reykjavík.

Jarðstjarnan Úranus

(Sjá forsiðumynd) (Frb. af bls. 110).

Möndulhalli Úranusar er allsérstæður. Aðrar reikistjörnur hafa allar meira og minna lóðréttan öxul, miðað við brautir þeirra um sólu, en öxull Úranusar liggur nærri láréttur á brautarfletinum. Frá jörðu sést því stundum beint á póla Úranusar, ýmist á norðurpól eða suðurpól, en stundum beint á miðbaug hnattarins.

Úranus er ein af fjórum stóru reikistjörnunum í fjölskyldu sólarinnar. Þvermál hans um miðbaug er 51.800 km, en þvermál milli póla er 2413 km minna, vegna þess hve möndulsnúningur hans er hraður, en hann snýst um sjálfan sig á 10 klst. og 50 mín. Hitastig á yfirborði er talið vera 210° C undir frostmarki. Mörg þúsund km þykkur lofthjúpur hylur hnöttinn. Aðal-efni þessa gufuhvols er vetni, en einnig er þar að finna helíum, amoníak og methan. Úranus er 14,6 sinnum efnismeiri en jörðin og rúmmálið er 67 sinnum meira.

Um Úranus ganga fimm tungl, og voru tvö þeirra, Titania og Oberon fundin af Herschel, skömmu eftir fund reikistjörnunnar, eða árið 1787.

Englendingurinn Lassell fann tvö til viðbótar, árið 1851, tunglin Ariel og Umbriel, en daufasta tunglið, Miranda, fann Kuiper, Bandaríkjamaður, árið 1948. Tunglin ganga öll um miðbaug Úranusar og sýnast því ganga beint upp eða niður, þegar hann snýr miðbaug að jörðu.

Um tungl Úranusar mætti enn nefna eftirfarandi atriði: *Miranda* er minnsta tunglið og það sem næst gengur Úranusi. Það er um 400 km í þvermál, fjarlægðin 128.000 km frá móðurhnettinum, og umferðartíminn er 1 dagur og 10 klst. *Ariel* er að þvermáli um 900 km og gengur í 192.000 km fjarlægð frá Úranusi, og ein hringferð tekur 2,5 daga. Þvermál *Umbriel* er um 700 km, fjarlægðin 267.000 km og umferðartíminn 4 dagar og 3,30 klst. — *Titania*, þvermál um 1.700 km, fjarlægð 438.000 km og umferðartími 8 dagar og 17 klst. — *Oberon* er um 1500 km í þvermál og fjarlægðin er 587.000 km og það tekur hann 13 daga og 7 klst. að fara eina umferð um Úranus og er hann fjarlægasta tunglið.

Öll tungl Úranusar ganga tiltölulega nálægt honum og hafa skamman umferðartíma og munar þar miklu, miðað við fjarlægasta tungl Júpíters, sem hefur rúmlega tveggja ára umferðartíma.

Sýndarbirta allra tungla Úranusar er mjög dauf, aðeins 14 til 17 birtustig, sem stafar af mikilli fjarlægð frá sólu og þar af leiðandi litlu endurskini.

Svo mikil er fjarlægð Úranusar frá sólu, að frá honum séð mundi sólin sýnast 19 sinnum minni, en frá jörðu. Og hraði þessa hnattar á braut sinni um sólu er aðeins 6,8 km á sekúndu, en brautarhraði jarðarinnar, til samanburðar er 29,8 km á sekúndu. Brautarhraði reikistjarnanna minnkar eftir því sem þær eru fjær sólu og dregur úr aðráttarkrafti hennar.

Eitt hið allra áhugaverðasta við Úranus eru hin nýfundnu hringabelti, sem liggja umhverfis miðbaug hnattarins. Þetta eru níu hringir og þeir eru mjórri og gisnari en belti Satúrnusar. Þeir voru fyrst uppgötvaðir árið 1977. Áður var talið að Satúrnus væri eina reikistjarna sólhverfisins, sem hefði slíka hringa. Hér er því um að ræða eina af merkilegri uppgötvunum síðari ára á sviðum stjörnufræðinnar.

Ingvar Agnarsson.

BLUNDUR HELLISMANNA

Kyrrð var á foldu vafinni í værðir.
Vindurinn svaf í himinlindum.
Hjúpaði rökkur hlíðar og gnúpa.
Haustkvöldsfriður ríkti á sviði.
Norðlingafljót eitt gnauðaði í grjóti
geigþrungnum rómi um feigðardóma.
Hellismönnum á hrynkvæðaföllum
höfuga straumsins vaggði draumur.

Bar þá í minni til bernskuára.
Blómagrundir í sólarljóma
litu sumir og minntust mætrar
móður, er kvað hún þeim vögguljóðin.
Mundu þeir og — nú myrkvaðist grundin —
mótbyri, snerrur í ölduróti,
raunir kaldar í Hallmundshrauni,
hatur í sál og blóð á stálum.

Sváfu þeir allir. Hurfu í hafið
hljóðar stundir í kyrrum blundi.
Mókuðu skýjahnoðrar á hnúkum,
hótuðu stormi á dægurmótum.
Hraunið varð kvikt hjá hellum og leynum.
Hrím glóði á fold í morgunskímu.
Glæstur dagroði glampaði í austri.
Grúfði drungi í vestrinu þungur.

— Stend ég á hraunsins storknuðu lindum.
Streymir fljótið ennþá í grjóti,
örlög þeirra, sem afvegu fara,
ómar það mér í köldum rómi.
Horfi ég fjær: Í gróðurgervi
grafin er sveit bak við fjallaleiti.
Eiríksjökull við bláloft blikar
brattur og einn, öllum glæstari og hreinni.

Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum.

Draumar

Mætur draumgjafi

Því óskýrari sem draumur er, því minni ástæða er yfirleitt til að skrá hann og skýra frá honum. En stundum verður þó að „tjalda því sem til er“, og segja frá því litla sem minnið náði að varðveita, ef draumurinn hefur eitthvað það til að bera sem gefur honum sérstakt gildi. Svo var um minn draum um 25.—27. sept. sl.: Þegar ég vaknaði þótti mér sem ég hefði verið í einhverri erindagerð uppi í sveit eða úti á landi, og þóttist hafa rekið ötullega erindið og eiga næsta þátt þess fyrir höndum, og ætlaði ekki heldur að láta það bregðast að ganga vel frá öllu þar. Engar myndir eða sýnir man ég úr þessum hluta draumsins, heldur aðeins þessa tilfinningu fyrir vilja og athöfn, sem að vísu var dálítið ánægjuleg, og þó þannig að umgerð hennar er mjög óljós, vegna óskýrleika draumsins. En það var eins og einhver ómur af endurminningasafni draumgjafans bærist þarna til mín, endurminningar sem mjög hefði verið gaman að kynna, ef þær hefðu náð að skýrast í huga mér.

Allt í einu birtir heldur til í draumnum, og ég er staddur á einhverskonar sveita- eða héraðsmóti, sem mér þykir ákveðið vera í „Skagafirði“ (þó ég sé næsta lítið kunnugur þar), og er þetta eins og sambland af nýju og gömlu, því annarsveggar er veitingastjóri, sem ég spyr eftir sæti eða borði, og vísar hann mér t.l. En skammt frá mér er roskin, dökkhærð kona sem lætur það ákveðið í ljós að hún telji sig ekki eiga að borga, en stúlkurnar verða þögular við því. Kemur þá veitingastjórinn eða einhver annar háttsettur og segir að það væri nú annaðhvort að þessi kona fái veitingarnar ókeypis, því að þannig hafi nú forðum verið tekið á móti sér á þeim bæ, að hann megi vel muna það. Þetta líkar konunni vel.

Nú fellur enn úr fyrir mér, þangað til ég finn að er að losna um samkvæmið og fólk að standa upp, en ég fer að dæmi þess. Um leið og ég stend upp, geri ég mér ljóst, að ég muni hafa orðið helzt til mælskur við þetta matborð, látið fullmikið á mér bera. „Þetta er *hann*, þessi sem alltaf er að skrifa, svona lítur hann þá út, með stórt höfuð og úfið strý og fráflakandi yfirhöfn“. Slíkar hugsanir og aðrar í þeim dúr þóttist ég finna streyma til mín frá einhverjum þarna,

og ég fann til þess að hugarfar væri mér fráhverft og hyggilegast væri að koma sér burt, — en fyrst hafði mér liðið vel þarna vegna þess, að enginn þekkti mig. Dálítil angurværð var í mér af þessari tilhugsun, en þó enginn uppgjafarhugur, og ég hugðist hrista þetta af mér með því að halda áfram að reka erindin.

Draumurinn er eftirtektarverður fyrir það, að þarna virðist vera um að ræða samband við einhvern sem er í líkri aðstöðu og þeir sem kenna sig við Nýal hér á jörð. Og ef til vill er boðskapur hans ekki fjarri því að vera hinn sami. Ef þetta skyldi nú vera íbúi nágrannasólhverfis, sem gæti tekið á móti vitneskju héðan! Þá þyrftum við að hugsa til hans, þannig að greiðist úr fyrir viðleitni hans, þannig að hann geti bæði tekið við frá okkur stjarnrænum staðar-ákvörðunum, og sent okkur aðrar álíka á móti.

30. sept. 1981,

Þorsteinn Guðjónsson.

Blómin lýsandi. — Draumur

I.

Mér þótti ég standa í algrónu dalverpi. Þarna var fleira fólk. Ég horfði upp í hlíðina á móti og sá, að þarna voru blóm með ýmsum litum. Hæg gola bærði krónur blómanna. Allt í einu sá ég skæru ljósi bregða fyrir í einni blómabreiðunni. Ég varð undrandi og spurði þá sem hjá mér voru: „Hvernig stendur á þessu ljósi?“ Ein stúlka sagði: „Það eru blómknapparnir, sem gefa frá sér svona ljós. Horfðu betur og þú munt sjá þau fleiri“.

Ég horfði betur upp í hlíðina, og þar gaf á að líta: Ótal skær ljós bar fyrir augu, hvít og rauð og blá, flest þó hvít. Þau birtust leiftursnöggt og hurfu svo smástund hvert um sig, og skildi ég að þessi ljósbrigði stöfuðu af golunni, sem bærði blómin fram og aftur. Öll brekkan, nær og fjær, var þannig alsett þessum snöggu ljósblossum.

Lengi horfði ég á þessi undur, hrifinn af furðufegurð þeirra. Ég hugsaði með sjálfum mér: „Nú er albjartur dagur. Þó lýsa blómin svona skært. Hvernig myndu þau þá lýsa í myrkri? Það hlýtur að vera ennþá dýrðlegri sýn“.

Ég var heillaður af þessum dásemdum og leið ákaflega vel.

Hér lauk þessari fögru draumsýn.

II.

Í nokkrum framlíflýsingum hef ég heyrt þess getið, að blómknapparnir séu lýsandi, gefi frá sér fagurt skín. Þetta mun eiga sér stað, þar sem líf einhvers hnattar stefnir eindregið upp á við. Þar er lífmagnan jurtanna svo mikil að ljómi stafar af blómknöppunum.

Framansagður draumur mun vera tilkominn vegna sambands við slíka lífstjörnu.

Vera má, að draumgjafi minn, sá sem horfði á blómin lýsandi, hafi ekki verið íbúi þessarar stjörnu eða kunnugur lífinu þar. Undrun hans á hinum lýsandi blómum bendir e. t. v. til þess. Hann gæti hafa komið þangað í skyndiheimsókn fyrir hamfarir, og þannig séð og skynjað um stundarsakir það, sem þar er að sjá og notið yndis af þeim dásemdum, sem hið sterka lífaflsvæði þess hnattar hefur upp á að bjóða.

Ég vil geta þess, að daginn áður átti ég ánægjuleg samtöl við tvo menn, sem ég hef mikið álit á. Hugsanlega gætir stilliáhrifa frá þeim til að skapa draumsamband það, sem hér var af sagt.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 19. júlí 1981).

Draumur um tvö tungl

I.

Mig dreymdi að ég gekk meðfram sjó, og var ferðinni heitið út að dröngum nokkrum alllangt í burtu og ætlunin var að sækja þangað eitthvað, sem rekið hafði að landi. Kvöld var og heldur skuggsýnt, en þó vel ratljóst, því tvö tungl voru allhátt á lofti og voru þau eini birtugjafinn. Þau voru bæði til vinstri handar og sló af þeim glampa á sjóinn, sem einnig var í þá átt. Ekki þótti mér neitt undarlegt við það, að tunglín voru tvö, og í fyrstu veitti ég þeim ekki mikla athygli. Það var bara svo sjálfsagt, að þau væru þarna. Ég hugsaði mest um tilgang ferðarinnar og þann hlut, sem ég átti að sækja. Fjaran, þar sem ég gekk, var dökk og nokkuð óslétt og sjórinn, sem lá þar neðanvið, var lognsléttur nokkuð, en þó sáust á honum langar, iðandi gárur, sem bárust að landi. Ekki voru

nein fjöll sjáanleg bak við þennan sjó, heldur var sem á haf sæi.

Nú fór ég að veita tunglunum tveimur meiri athygli. Annað tunglið var á ská framundan mér. Það var hálf og sneri bungan til hægri, frá mér að sjá. Þetta tungl var rautt og var sem flötur þess væri svolítið mislitur, þ. e. misjafnlega dökkrauður. Þessi hálf máni var allstór að sjá, ég held allmiklu stærri en tungl okkar jarðar. E. t. v. hefur þar munað allt að helmingi á sýndarþvermáli. Þetta er þó erfitt um að segja, þar sem raunveruleg viðmiðun er engin. En birtan frá þessu tungli var allmikil, eða miklu meiri en frá hinu tunglinu. Annað slagið drógust litlar skýjaslæður fyrir þetta rauða tungl, en aldrei hvarf það samt alveg, vegna þess, hve birta þess var mikil.

Ég fór nú að veita hinu tunglinu meiri athygli, en fram að þessu hafði ég skotrað til þess augunum við og við. Það var á ská aftur undan mér til vinstri miðað við göngustefnu mína. Það var hvítt á að sjá, líkt og okkar tungl. Og allt miklu minna í þvermál en hitt tunglið. Bilið milli þeirra hefur verið svo sem 45 til 60 gráður úr hring. Þetta hvíta tungl sýndist vera rúmlega hálf. Birta þess var minni en rauða tunglsins, og bjarmi þess á hafflötinn var daufari. Skýjaslæðurnar dró annað slagið fyrir flöt þess og varð það þá enn daufara að sjá en hitt tunglið.

Ég fór nú að líta meira en áður á tunglin bæði til skiptis. Og allt í einu hugsaði ég með nokkurri undrun: „Hvernig stendur á því, að tunglin eru tvö? Það á bara að vera eitt tungl!“

Mér varð enn litið á hvíta tunglið og sá þá að dökkt ský gekk fyrir það og huldi það alveg. Mér fannst þetta hálf óhugnanlegt. Og jafnframt varð mér hugsað til klettadranganna, þangað sem ferð minni var heitið, og ég hugsaði: „Þetta var nú óvarlegt af mér, að fara þangað einn í myrkrinu. Þarna er skuggalegt og sagt er að þar sé mjög reimt“. Ég fylltist ótta og kvíða og fannst allt heldur ömurlegt.

Enn leit ég upp og horfði á stóra tunglið, þar sem það skein svo rautt og bjart, skáhallt fram undan mér.

En nú losaðist um draumsambandið og ég vaknaði.

II.

Draumur eins er ævinlega vökulíf annars. Þykir mér framan-sagður draumur benda ótvírætt til þess, að draumgjafi minn sé íbúi annars hnattar og þá vitanlega í öðru sólhverfi.

Sá hnöttur hefur um sig tvö tungl a. m. k. og þykir draumgjafa


mínum það alveg eðlilegt, enda er hann vafalaust vanur að horfa á þau á göngu þeirra um hnöttinn. Á meðan mig var að dreyma, hef ég orðið þess aðnjótandi að horfa á þessi tvö tungl með hans augum, séð það, sem hann var að horfa á, á þeirri sömu stundu.

En undir draumlök verður nokkur breyting á hugarástandi þessa draumgjafa míns. Það er því líkast sem hann tryllist, því allt í einu finnst honum undarlegt, að tunglin séu tvö, finnst jafnvel, að aðeins ætti að vera eitt tungl.

Ég lét mér detta í hug að einhver angi af mínum huga, þótt sofandi væri, hafi náð að hafa áhrif á hann vegna þess sambands, sem þarna var á milli okkar. Ennfremur fyllist hann beyg af því, að eiga eftir að fara í myrkrinu að dröngum þeim, sem ferðinni var heitið til. Sá ótti gæti einnig stafað að nokkru af þessu stundarsambandi við mig sem dreymanda. En hér endaði draumur minn. Sambandið rofnaði milli okkar. Og vonandi hefur hann þá undir eins losnað við þessa óþægilegu truflun sem orðin var á hugarástandi hans. — Ef hann hefur nú áttað sig á því, að hér var um samband að ræða við fjarlægán sýn- og reynsluþega, þá hefur honum að líkindum gengið mun betur að losna við þessi óæskilegu óþægindi. Og vil ég óska, að svo hafi orðið.

Ingvar Agnarsson
(*Dreymt 30. júlí 1981*).

Sérkennilegt stjörnumerki í draumi



Mig dreymdi að ég væri úti í myrkri og renndi augum um alstirndan himin. Loks staðnæmdust augu mín við sérstætt útlit stjörnumerkis nokkurs, og grópaðist mynd þess í vitund mína. Niðurröðun stjarnanna var einkennilega reglubundin og einmitt þess vegna held ég að ég hafi munað þetta nokkuð rétt, er ég vaknaði, og teiknaði það þá þegar á blað. Allar stjörnur þess voru bjartar og áberandi, samanborið við aðrar stjörnur í nágrenni þess. — Ekki veit ég til að neitt stjörnumerki líti þannig út, héðan af jörð að sjá.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 8. mars 1981).

Sambandsfundir

„AÐ TENGJA SEM RÉTTAST ÞAÐ SEM MÁLI SKIPTIR“

Samband við Helga Pjeturss.

21/3 '76.

Helgi Pjeturss. Komdu sæll.

Sendi ég orku til þín og reyni til að magna þig og efla sem best. Það skal takast mjög miklu betur þetta samband. Og það mun ná til þín fullkomlega, sem reynt verður að senda þér. Samband þetta er við aðrar stjórnur, það er ekki neitt vafamál, að það er tilraun fá öðrum stjórnunum til þess að koma fram vitneskju og hjálp þaðan. Og við treystum okkur að koma fram hér, þeirri orku, sem þarf til að vísindalega verði hægt að sanna það samband við aðrar stjórnur. Geri ég mér miklar vonir um að þið munið geta skapað hér aflsvæði er nauðsynlegt er í þessum efnum. Og við reynum allt er unnt er til að koma fram magnaninni hér. Tilraunir þurfa að eflast til þess að sambönd megi komast á mjög hátt stig. Og er mjög áriðandi að þið takið vel á móti þeirri mögnun er við beinum til ykkar í sambandsstöðinni. Og mun verða meiri framför þegar íslensk hugsun verður meir metin og íslensk vísindi en verið hefur, í þessum efnum. Og er nú undarleg þessi mikla tilhneiging til að meta lítils íslensk vísindi, eins og þau þó eru merkileg í samanburði við ýmislegt það, sem ekki er íslenskt, þó að meir sé metið og talið til vísinda. Það sýnist mér megi fullyrða að engin þjóð hafi eignast merkilegri heimspeki heldur en einmitt íslenska þjóðin. Og tel ég að kominn sé tími til að átta sig á þessu máli, og láti þessa heimspeki njóta sín að gagni.

Áhrif hinnar íslensku heimspeki þurfa að segja til sín í vaxandi mæli.

Undirstöðuskilningur íslenskrar heimspeki á lífinu getur veitt þjóðinni sem heild möguleika til áhrifa meðal annarra þjóða, meiri en þó að hún væri herveldi af stærstu tegund. Samt mundi sú þjóð sem hefur réttan málstað sigra alla mótstöðu, ef hún yrði samtaka um þann málstað og skildi sitt hlutverk. Þjóð sem tekur upp sam-

band við aðrar stjórnur af nægum skilningi og áhuga mun ná að sigrast á hverri fyrirstöðu fyrir sínum áhrifum sem forystuþjóð mannkynsins í rétta átt. Sú samstilling, sem hér er nauðsynleg þarf að skapast hjá íslensku þjóðinni og það verður hér að hugsa nógu skýrt og hafa hugfast, að því meir sem hér verður reynt til að greiða fyrir sigri hins rétta málstaðar því stórkostlegri og heillavænlegri munu verða áhrifin af hinni sönnu heimspeki á alla framtíð mannkynsins. Skilningur mannkynsins á sögu sinni þarf að vaxa mjög, svo mjög sem virðist misskilið margt, er mjög verður að átta sig á nógu vel.

Það bendir til skilningsskorts mikils hvað vísindaleg þekking hefur verið seint uppgötvuð, seint verið veitt athygli nýrri þekkingu sem fram hefur komið. Eins og þessi nýja þekking hefur þó verið mikilsverð mannkyninu hverju sinni. Þessi staðreynd bendir til að mannkynið hafi ekki nægilega áttað sig á þýðingu vísindanna og þekkingarinnar á liðnum öldum til að hefja mannkynið á hærra stig. Öll sú saga af erfiðleikum vísindalegrar hugsunar sýnir glögglega hve fjarri skilningi menn hafa verið á aðalorsökum ýmissa atburða mannkynssögunnar. Það hve þekkingin hefur verið seint þegin og metin sem skyldi á ekki lítinn þátt í hvað margt hefur sótt á verri veg og margt má rekja þannig, ef það væri athugað réttilega. Það er meiri ástæða til að þetta sé athugað en ýmislegt, sem minna máli skiptir. Ótal atriði kunna að verða betur skilin ef það er tengt sem réttast sem máli skiptir og veitt athygli sambengi hlutanna á réttan hátt. Meiri skilningur á mannkynssögunni mun hjálpa mönnum til að varast vítin sem framundan eru á veginum.

En þetta er svo stórkostlega þýðingarmikið fyrir mannkynið að uppgötva sambandið við aðrar stjórnur, að hver sá sem vill skilja það, hvað þekkingin er áriðandi skilyrði sannrar farsældar mun reyna að veita athygli hverju því, sem verða má mannkyninu til blessunar í vísindum og þekkingu. Og traust á mínum uppgötvunum er ekki þýðingarlaust ef gætt er að því hve með sigri þeirra væri hægt að breyta sögu mannkynsins til hins betra frá því sem verið hefur. Og sannleikurinn þarf að koma fram sterkur og öflugur meir en nokkru sinni áður á þessari jörð. Það er eins og öll tilveran breyti um svip hvar sem sannleikurinn er sigursæll. Þar verður hver staður fegurri. Þar verður hver hugsun betri og athöfn göfugri. Hver lífvera hverri annarri betri og sambandið milli allra öflugra, fegurra og farsælla. Þar sem sannleikurinn er sigursæll þar reynir hver að gera öðrum gott en ekkert illt. Og sérhver sem lifir í sannleika lifir í far-

sæld. Þess vegna er sannleikurinn leiðin til lífsins og góðleikans. Og máttur hvers er í sannleika lífir er sívaxandi. Og sigur lífsins leiðir til sigurs á öllu böli, allri þjáningu og kvöl. Guðirnir eru almagna og lifa í sannleika. Þar er lífið leiðin fram til takmarkalausrar fegurðar og fullkomnunar, máttar, vits og góðvildar. Og sambandið þeirra á milli er eins og á milli bræðra og systra sem gera sér allt far um að verða hvert öðru að liði.

Vertu sæll.

Sveinn Haraldsson
(Ritað í sambandsástandi
eftir Helga Pjeturss).

Fyrir miðilsmunn

67. Hákon Hlaðajarl: Það er þetta íslenska og norræna, sem mannkynið þarf að tileinka sér í heild. En þegar það tækist að samstillta hugina betur, þá mundu heimsóknir óumræðilega öflugra æðri vera verða algengar meðal ykkar jarðarbúa. Eru það verur á öðrum hnöttum er guðir mega heita að atgervi og visku. Og mannkyninu er ætlað að magnast af þessum verum til þroska. Með þeirra hjálp mun mannkynið ná valdi á náttúruöflunum eins og þörf er á. Fullkomnum tókum á veðurfarinu og goskröftunum. Og yfirleitt eiga jarðarbúar að geta náð valdi á öflum hnattarins þannig að leiði til fullkomnara lífs og fegurra en nokkru sinni áður á jörðinni.

68. Platón: Komið þið sælir Íslendingar, líffræðingar og heimspekingar. Ákaflega er íslenska þjóðin í eðli sínu heimspékilegum hæfileikum búin. Þeir hæfileikar bera af slíkum hæfileikum Grikkja, sem þó hafa skarað fram úr að margra áliti, hvað heimspékilega hæfileika snerti í fornöld. Og vissulega voru þar uppi furðulegustu andans menn, vitsnillingar um nokkurt skeið. En þar reis alda sem hjaðnaði síðan og hefur ekki aftur risið í því landi önnur eins. En á Íslandi hefur heimspékin risið hærra en í nokkrum öðrum hluta jarðarinnar. Og ekki er þetta út í bláinn talað, því hér er um staðreynd að ræða og ómótmælanlega í raun og veru. Það sem ekki tókst á Grikklandi, það tókst á Íslandi á 20. öld, sem ekki er þó enn uppgötvað, hvorki af Grikkjum né annarra þjóða mönnum, svo augljóst sem þetta er okkur Forn-Grikkjum á öðrum hnetti.

11. 8. '80.

69. Það hetur ákatlega mikið að segja fyrir einstaklinginn að njóta þeirra áhrifa, sem efla hann til þroska. Þeirra áhrifa frá æðri stöðum, er ævinlega beinast til sérhvers einstaklings, hvar sem hann er niðurkominn. Hvernig sem háttað er lífi og hæfileikum hvers einstaklings, þá er leitast við að hefja hann til framfara og fullkomnunar. Ekki tekst nú þetta nema að takmörkuðu leyti á þeim hnöttum, sem samstilling er ófullkomin við lægra tilverustig. Þar eð hinn aðsendi kraftur lamast að mestu leyti á slíkum stöðum. Það má skilja, að uppspretta þessa æðsta máttar, sem hér um ræðir, er guðlegs eðlis. Þar er um að ræða fullkomnara lífafli en nokkurri mannlegri veru tilheyrir. Þó skylt sé hið guðlega og mannlega, þá er hér mikill munur á.

(Dungal) 11. 8. '80.

70. Íslenska málið kemur næst máli guðanna.

(Dungal) 11. 8. '80.

71. Afsvæði skapast fyrir bættu hugsun og bætta skilning einstaklinganna, er verður guðunum farvegur til áhrifa. Og þetta getur opnast allt í einu ef vissum skilyrðum er fullnægt.

(Dungal) 11. 8. '80.

72. Það verður hugarfarsbreyting að gera vart við sig á einum hnetti og öðrum skyldum, þá eru ýmsir möguleikar fyrir hina lengra komnu að koma sér við í miklu fullkomnari mæli.

(Dungal) 11. 8. '80.

73. Og ég tel það megi fullyrða, að milljónir slíkra hnatta í þessari vetrarbraut hafi mikið merkilegt samband sín á milli án þess að hafa gert sér ljóst, að um samband er þar að ræða, sem ráði miklu um rás viðburðanna.

28. 7. '80.

74. Það þýðir ekki að ætla að einangra sig í alheiminum. Slíkt er einungis sprottið af ófullkominni þekkingu á möguleikum lífsins að sigrast á fjarlægðum í geimnum. Lífið er hafið yfir takmarkanir hins ólífræna máttar hins líflausa hnattar um hraða. En það virðist, sem þetta sé vísindamönnum flestum enn ókunnugt og það þarf nauðsynlega að vaxa skilningur þeirra á líffræði.

25. 8. '80.

75. Menn eru lengi að átta sig á því sem er merkilegast og viturlegast hugsað í hverju þjóðfélagi. Það er það sem einkennir helstefnumannkyn. Þessi sljóleiki á sannleikanum, hinum bjargandi sannleika ekki hvað síst. Já, þið þurfið Íslendingar að taka á öllu afli ykkar að bera sannleikann fram til sigurs.

(Dungal) 11. 8. '80.

(ritaði eftir segulbandsupptöku).

Gunnar Hjörvar

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Jarðstjarnan Úranus (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls. 110
Líf og líforka. Þorsteinn Þorsteinsson, lífefnafr.	— 111
Lífefnasameindir. — Hugsanleg líforka.	
Íslenskar og rússneskar ályktanir af Kirlian-ljósmyndum. Sveinn Haraldsson.	— 119
Stíllilögmálið. Þ. Á.	— 122
Samstilling milli draumgjafa og sofanda. — Gat talað af munnni annars. — Aðrir geta vitað meira.	
Til stjarngæzlumans. Jarðarbyggi. (Með mynd). ...	— 124
Saga heimsins. Þorsteinn Guðjónsson.	— 127
Hraðflutningar líforkunnar. Þ. G.	— 129
Óskir draumpega og athugun draumgjafa. H. Sigtr.	— 130

LJÓÐ:

Blundur hellismanna. Þorsteinn Jónsson á Úlfsst. ...	— 133
--	-------

DRAUMAR:

Mætur draumgjafi. Þorsteinn Guðjónsson.	— 134
Blómin lýsandi. — Draumur. I. A.	— 135
Draumur um tvö tungl. I. A.	— 136
Sérkennilegt stjörnumerki í draumi. I. A. (Mynd).	— 139

SAMBANDSFUNDIR:

„Að tengja sem réttast það sem máli skiptir“. S. H. Samband við Helga Þjeturss.	— 140
Fyrir miðilsmunn. (Gunnar Hjörvar ritaði).	— 142

MYR:

Úr bók Estelle Roberts: Miðill í 40 ár.	— 121
Úr ljóðabók Gunnars Dal: „Kastið ekki steinum“. ...	— 126

Til lesenda.	— 131
Um hvarf hluta	